



Upplýsingaöryggisstefna Símans

Tilgangur og markmið

Tilgangur upplýsingaöryggisstefnu Símans er að tryggja leynd, réttleika og tiltækileika upplýsinga og verðmæta í eigu og vörslu Símans. Upplýsingaöryggisstefnan styður við samfelldan rekstur og þjónustu og lágmarkar þannig rekstraráhættu og hámarkar öryggi upplýsinga Símans.

Síminn hefur það að markmiði að verja upplýsingar í eigu og vörslu Símans fyrir innri og ytri ógnum og leitast við að tryggja öryggi þeirra á viðeigandi hátt. Stefnan felur í sér skuldbindingu um stöðugar umbætur í stjórnun upplýsingaöryggis.

Eftirfarandi markmið eru höfð að leiðarljósi við rekstur á upplýsingaöryggi hjá Símanum:

- Hámarka öryggi upplýsinga og upplýsingakerfa Símans m.t.t. leyndar, réttleika og tiltækileika upplýsinga.
- Fylgja viðmiðum ISO/IEC 27001 til grundvallar ásamt lögum, reglum, samningsbundnum skyldum og kröfum.
- Vinna að stöðugum umbótum, framkvæma reglulegt áhættumat og úttektir til að leiða í ljós hvort þörf sé á úrbótum á upplýsingaöryggis Símans.

Framkvæmd og ábyrgð

Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á að upplýsingaöryggisstefnunni sé framfylgt með því að setja markmið, reglur og að tryggja að nauðsynlegar auðlindir séu til staðar. Framkvæmdastjórn ber ábyrgð á því að lögum og reglum sem gilda um starfsemi félagsins og stjórnun upplýsingaöryggis sé fylgt.

Öryggisráð Símans, undir forsjá öryggisstjóra, ber ábyrgð á framkvæmd upplýsingaöryggisstefnunnar og rekur Stjórnkerfi upplýsingaöryggis í samræmi við upplýsingaöryggismarkmið Símans hverju sinni.

Allt starfsfólk ber ábyrgð á að fylgja þessari stefnu og verklagsreglum Símans og tilkynna strax öll frávik eða öryggisatvik. Allt starfsfólk er skuldbundið til að vernda gögn og upplýsingakerfi gangvart óheimilum aðgangi, breytingum eða flutningi og óheimilli notkun, uppljóstrun eða eyðileggingu. Aðilar sem brjóta gegn stefnum og verklagsreglum Símans gætu átt yfir höfði sér áminningu í starfi, uppsögn eða að beitt verði viðeigandi lagalegum ráðstöfunum allt eftir eðli, alvarleika og umfangi brots.

Umfang

Upplýsingaöryggisstefnan er bindandi fyrir allt starfsfólk Símans. Stefnan nær einnig til reksturs og aðstöðu ásamt allra kerfa, hug- og vélbúnaðar sem er í eigu Símans.

Endurskoðun

Endurskoða skal upplýsingaöryggisstefnu Símans á minnst tveggja ára fresti og hún lögð fyrir og staðfest af öryggisráði, framkvæmdastjórn og undirrituð af forstjóra Símans.

Reykjavík, 17. desember 2024

María Björk Einarsdóttir
Forstjóri Símans
(Undirrituð rafrænt)